

Úrskurður Áhugamennskunefndar GSÍ í máli Sigmundar Einars Mássonar, Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar.

Málsatvik:

Með bréfi dagsettu 6. janúar 2019 sótti Sigmundur Einar Másson, kt. 101183-2979, Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar, um endurheimtu áhugamennskuréttinda sinna til skrifstofu GSÍ og Áhugamennskunefndar GSÍ. Helstu atvik eru þessi:

Vorið 2011 skilaði Sigmundur Einar áhugamannaréttindum sínum þar sem hann hugðist spila sem atvinnumaður, sem og hann gerði. Frá því síðumars það sama ár hefur hann ekki stundað keppnisgolf sem atvinnumaður. Hann sinnti golfkennslu að atvinnu að nokkru á árunum 2011 og 2012 en ekki eftir það.

Afstaða nefndarinnar:

Kylfingur, sem gerst hefur atvinnumaður í golfi, á alla jafna rétt á að endurheimta stöðu sína sem áhugamaður. Það getur þó aldrei orðið fyrr en að liðnum ákveðnum biðtíma. Lengd hans ræðst af því hversu lengi viðkomandi var atvinnumaður. Hann getur þó aldrei orðið skemmri en 1 ár frá því að atvinnumennsku lauk, samkvæmt reglu 9-2 a og b um áhugamannaréttindi. Alla jafna miðast upphaf biðtímans við það hvenær viðkomandi breytti síðast í bága við reglur um áhugamennsku í golfi. Í tilviki Sigmundar Einars eru ekki efni til að ákveða biðtíma lengri en tilgreint eins 1 árs lágmark og telst hann því liðinn.

Niðurstaða:

Sigmundur Einar Másson endurheimtir full og óskert áhugamennskuréttindi sín frá dagsetningu þessa úrskurðar að telja.

Áhugamennskunefnd GSÍ, 17. janúar 2019.

Gísli Guðni Hall

Guðmundur Friðrik Sigurðsson

Hafdís Helgadóttir

